

Sp. 241. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]
um einkarétt Íslands til landgrunnsins.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason,
Bjarni Guðbjörnsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson,
Einar Ágústsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar semja frumvarp til laga um einkarétt ríkisins til íslenska landgrunnsins, að því er tekur til rannsókna og nýtingar þeirra náttúruauðlinda, sem þar kunna að finnast. Frumvarpið skal síðan lagt fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Segja má, að á sjóréttarráðstefnunni í Genf 1958 hafi réttur strandríkis til sjálfs landgrunnsins, þ. e. hafsbotnsins, verið viðurkenndur. Þar var gerð samþykkt um svokallaðan landgrunnssamning, er veitir strandríki umráðarétt yfir landgrunni sínu, að því er tekur til rannsókna og nýtingar náttúruauðlinda þess. Samningur þessi tekur hins vegar ekki til hafsins yfir landgrunninu og varðar því ekki fiskimiðin. Landgrunnssamningurinn hlaut mikinn meiri hluta atkvæða á sjóréttarráðstefnunni, en öðlaðist þó ekki gildi fyrr en síðar, eða þegar 22 ríki hið fæsta höfðu fullgilt hann. Því marki var náð 10. júní 1964, og tók þá samningurinn fullt gildi. Þó að meiri hluti ríkja hafi enn eigi gerzt aðilar að þessum Genfarsamningi, mun almennt lítið á ákvæði hans sem alþjóðalög, er öll ríki verði að fara eftir, hvort sem þau hafa fullgilt hann eða ekki.

Á sjóréttarráðstefnunni í Genf lýstu Íslendingar því yfir, að þeir teldu ákvæði samnings þessa ganga of skammt, þar sem þau veittu eigi strandríki lögsögu yfir landgrunnshafinu, heldur einungis sjálfu landgrunninu. Þeir töldu, að þetta tvennt, lögsaga yfir landgrunninu og lögsaga yfir fiskimiðununu, ætti að fara saman. Það sjónarmið fékkst ekki viðurkennt í Genf, svo sem kunnugt er. Er í 3. gr. samningsins berum orðum fram tekið, að réttindi ríkis yfir landgrunninu hafi ekki áhrif á réttarstöðu þess hafs, sem yfir því liggur. Mun þar að finna ástæðuna fyrir því, að Ísland hefur ekki viljað fullgilda samninginn. Þrátt fyrir það mun Ísland að alþjóðalögum eiga þann rétt yfir landgrunninu sjálfu, þ. e. hafshotninum, sem áður greinir. Aðild að samningnum verður ekki talin skilyrði fyrir þeim rétti, svo sem áður er sagt.

Samkvæmt Genfarsamþykktinni er landgrunnið talið ná út á 200 metra dýpi. Á því neðansjávarsvæði hefur strandríkið eitt rétt til rannsókna og nýtingar náttúruauðlinda, og er þá átt við hvers konar jarðefni og ólífræn efni, svo sem oliu, kol og margs konar jarðgastegundir, sem þar kunna að finnast. Hafa síðari tíma rannsóknir leitt í ljós, að mikil auðæfi finnast í landgrunni ýmissa ríkja, m. a. í Norðursjónum. Eru miklar vonir bundnar við nýtingu þeirra. Liggur því í augum uppi, að hvað sem rétti til fiskveiða líður, er hér um þýðingarmikla hagsmuni að tefla.

Réttindi þau, sem strandríki á yfir landgrunninu, virðast í sjálfu sér ekki háð námi eða nokkurri yfirlýsingu um yfirráðin. Samt sem áður hafa ýmis ríki helgað sér landgrunnið með sérstökum lögum eða stjórnvaldafyrirmælum. Þau virðast hafa talið það öruggara, auk þess sem nýting landgrunnins hlýtur að kalla á laga-setningu. Þessa leið hafa t. d. Danmörk, Noregur og Bretland farið. Í ritgerð eftir dr. Gunnar G. Schram, sem birtist í Tímaritinu Ægi á s. 1. ári, er gerð glögg grein fyrir aðgerðum þessara þjóða.

Ísland hefur eigi enn beinlínis helgað sér landgrunnið með sérstakri yfirlýsingu eða lagasetningu. Að vísu má segja, að lög nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, hvíli á þeirri forsendu, að landgrunnið tilheyrir Íslandi og lúti þess yfirráðum. En þau lög eru bundin við fiskimiðin eða landgrunnshafið. Hér er lagt til, að sett séu sérstök lög um landgrunnið. Þar með væri ótvítrætt lýst yfir rétti Íslands til landgrunnins. En það er af ýmsum ástæðum æskilegt, að rétti ríkisins til landgrunnins sé formlega lýst yfir. Það er öruggara, m. a. af því að við erum ekki aðilar að Genfarsamningnum. Þess er að gæta, að þjóðréttarreglur um þetta efni eru nýmótaðar. Þess vegna hafa ýmsar þjóðir talið réttara að helga sér landgrunnið með sérstakri yfirlýsingu. Lagasetning er og nauðsynleg, ef hefja ætti rannsóknir á landgrunninu. En það er vonandi, að það dragist ekki lengi, að slíkar rannsóknir byrji. Það veit enginn, hver auðæfi kunna að leynast í landgrunninu. En þau geta verið mikil og dýrmæt. Íslenska landgrunnið mun vera talið um 115 þúsund ferkílómetrar eða nokkru stærra en landið sjálft. Hér er því ekki um neitt hégómamál að tefla. Það skal skýrt tekið fram, að hér er eingöngu um hafshotninn að ræða. Þetta mál varðar því ekki fiskveiðiréttindin. Baráttunni fyrir einkarétti til fiskveiða á landgrunninu verður að sjálfsögðu haldið áfram. Lagasetning sú um landgrunnið, sem hér er gerð tillaga um, getur auðvitað á engan hátt orðið til tjóns í baráttunni fyrir auknum fiskveiðiréttindum. Hún verður ekki með neinu móti túlkuð sem afsal á rétti til fiskimiðanna. Þvert á móti getur hún einnig að því leyti til orðið spor í rétta átt.

Návar í framsögu.